

SÍFELLT FLEIRI KJÓSA AÐ VARÐVEITA SKJÖL SÍN Á HÉRAÐSSKJALASAFNINU!

Hlutverk safnsins er:


- ◆ Ráðgjöf og eftirlit með skjalavörslu sveitarstjórn og annarra opinberra stofnana á safnsvæðinu
- ◆ Varðveita eldri skjöl byggðarlagsins á tryggan hátt
- ◆ Hafa skjölin skráð og aðgengileg til notkunar
- ◆ Veita upplýsingar og afgreiða fyrirspurnir samkvæmt eftirspurn og gildandi lögum
- ◆ Vinna að kynningu á sögu héraðsins t.d. með sýningum
- ◆ Stuðla að auknum rannsóknum almennings og fræðimanna á sögu Akureyrar og Eyjafjarðar



Á HÉRAÐSSKJALASAFNINU MÁ FINNA ÖLL HELSTU ÆTTFRÆÐIRITIN SVO SEM: NIÐJATÖL, STÉTTATÖL, ÍBÚASKRÁR, MANNTÖL OG KIRKJUBÆKUR



Héraðsskjalasafnið er í Brekkugötu 17,
í sama húsi og Amtsþókasafnið



Héraðsskjalasafnið á Akureyri
Brekkugótu 17 • 600 Akureyri
Sími: 460 1290 • Fax: 460 1291
Netföng: adalbjorg@akureyri.is
lara@akureyri.is

Printsolan Stell ehf.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ Á AKUREYRI

MIÐSTÖÐ HEIMILDA UM AKUREYRI
EYJAFJARÐARSVÆÐIÐ
SÖGU OG ÍBÚA



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ Á AKUREYRI

Opið mánudaga og fimmtudaga kl. 10 - 18
Þriðjud., miðvikud. og föstud. kl. 10 - 16

Héraðsskjalasafnið á Akureyri var formlega stofnað 1. júlí 1969. Stofnendur þess voru Akureyrarbær og Eyjafjarðarsýsla. Safninu hafði þá þegar verið valinn staður í nýlega byggðu húsi Amtsþókasafnsins við Brekkugötu og þar hefur safnið verið starfrækt síðan þá. Þann 6. mars 2004 var safnið formlega opnað í nýju húsnæði sem byggt var við gamla húsið. Safnsvæðið nær nú yfir Akureyri, Arnarneshrepp, Eyjafjarðarsveit, Grímsey, Grýtubakkahrepp, Hrísey, Hörgárbyggð, Ólafsfjörð og Svalbarðsstrandarhrepp.

OPINBER SKJÖL

Héraðsskjalasafnið varðveitir skjöl frá embættum, stofnum, fyrirtækjum og nefndum á vegum sveitarfélaganna, svo og skjöl frá sýslunefnd, héraðsnefnd, byggðasamlögum og hreppstjórum. Almennt eru skjölín afhent við 30 ára aldur, en í sumum tilfellum yngri.

Safnið varðveitir meðal annars:


- ◆ Fundargerðir nefnda og stjórna sveitarfélaga
- ◆ Bréfasöfn
- ◆ Upplýsingar um lóðir, jarðir og byggingar
- ◆ Skýrslur og greinargerðir
- ◆ Fasteignaskrár og brunabótamat
- ◆ Manntöl og íbúaskrár
- ◆ Kort og upprætti

VEIST ÞÚ UM SKJÖL SEM GÆTU ÁTT ERINDI Á HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ?

EINKASKJÖL

Héraðsskjalasafnið tekur einnig til varðveislu skjöl einstaklinga, félaga og fyrirtækja á safnsvæðinu. Félögum og samtökum sem njóta verulegra opinberra styrkja er skyld að skila skjölum til safnsins. Frá einstaklingum koma t.d. sendibréf, dagbækur, greinar, frásögur og fleira. Félög og fyrirtæki afhenda oft fundargerðabækur, bréfasöfn, afmælisrit og bókhaldsgögn.

SKJÖL FRÁ EINKAAÐILUM VEITA ÓMETANLEGAR UPPLÝSINGAR UM SÖGU OG MANNLÍF OG SÝNA OKKUR FJÖLBREYTTA MYND AF FORTÍÐINNI.



HEFUR ÞÚ KANNAÐ HVORT ÞÚ ÁTT ERINDI Á HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ PITT?

PJÓNUSTA VIÐ GESTI

Héraðsskjalasafnið er með sérstaka lesstofu fyrir safngesti. Öllum er heimill aðgangur að safninu og starfsmenn aðstoða gesti við að finna upplýsingar og heimildir.



Aðgangur að opinberum skjölum er samkvæmt upplýsinga- og stjórnsýslulögum, nema önnur lög gildi. Skjöl safnsins eru ekki lánuð út, en hægt er að fá af þeim ljósrit, skönnun eða stafræna mynd. Þeir sem afhenda einkaskjöl geta í samráði við skjalavörð sett ákveðin aðgangsskilyrði, t.d. takmarkaðan aðgang í ákveðinn tíma.

Héraðsskjalasafnið tekur við skjölum frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum til varðveislu. Vinsamlegast hafið samband ef þið vitið um skjöl sem gætu átt erindi á safnið.